

37. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 12. september og hófst hann kl. 09:00.**Fundinn sátu:**

Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Dagskrá

1. Fundargerðir
2. Erindi til hreppsnefndar
3. Alþingiskosningar 29. október nk., framlagning kjörskrár
4. Hitaveita
5. Lundur annar áfangi
6. Fjárhagsáætlun undirbúningur
7. Næsti fundur hreppsnefndar

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og leitaði afbrigða að bæta við undirliðunum f) 45. fundur Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs. haldinn 10. október sl. við 1. dagskrárlið „fundargerðir“.

Samþykkt.

Gengið til dagskrár:**1. Fundargerðir**

- a) **37. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. haldinn 26. september sl.**

Lagt fram til kynningar.

- b) **118. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 27. september sl. mál nr. 13 þarfnast umfjöllunar.**

Mál nr. 13 1609049 - Lækjartún II Inr. 215415 og Lækjartún 2 Inr. 219377: Aukið byggingarmagn, breyting á byggingarreitum: Deiliskipulagsbreyting

Lögð fram umsókn eiganda Lækjartúns II Inr. 215415 og Lækjartúns 2 Inr. 219377 um breytingu á deiliskipulagi sem felst í að afmarkaður verður byggingareitur umhverfis útihús með heimilt til að endurnýja eða stækka þau. Þá er einnig afmarkaður byggingarreitur fyrir bílskúr.

Að mati skipulagsnefndar er um óverulega breytingu á deiliskipulagið að ræða og mælir með að sveitarstjórn samþykki hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir eigendum aðliggjandi lóða.

Hreppsnefnd samþykkir tillögu skipulagsnefndar.

- c) **21. Fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. haldinn 27. september sl.**

Lagt fram til kynningar.

- d) **44. Fundur Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs. haldinn 4. október sl.**

Lagt fram til kynningar.

- e) **6. Fundur Odda bs. haldinn 26. september sl. Liður 2.2 þarfnast umfjöllunar.**

Liður 2.2 Íbúðir fyrir kennara.

Tillaga um að beina þeim tilmælum til sveitarstjórna Rangárbings ytra og Ásahrepps að ákveða fyrirkomulag varðandi úthlutanir íbúða til að tryggja það að grunn- og leikskólarnir hafi sem tryggastan og jafnastan aðgang að þeim íbúðum sem til ráðstöfunar eru.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að vísa erindinu til Húsakynna bs. þar sem Húsakynnum bs. er falið að annast rekstur, viðhald og útleigu fasteigna sem sveitarfélögin eiga að fullu eða með ríkinu.

f) 45. Fundur Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs. haldinn 10. október sl. Liður 1 þarfnast umfjöllunar.

1. Liður 1602075 - Framkvæmdaáætlun Vatnsveitu 2016 – endurskoðun

Bókun stjórnar vatnsveitunnar:

Veitustjóri kynnti yfirlit um núverandi samtengingar einstakra veitna og leiðir til að tengja þær enn frekar saman til að tryggja afhendingaröryggi. Einnig var farið yfir fyrirliggjandi áfangaskiptingu frá Rangárljósi þar sem hægt er að samnýta jarðvegsvinnu. Tillaga liggur fyrir um að vatnsveitan óski eftir heimild til framkvæmda að upphæð kr. 40 m. sem skiptist á árin 2016 og 2017. Gert er ráð fyrir að 13.6 m. falli til á árinu 2016 sem þarf þá að gera ráð fyrir í viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2016 en afganginum verði vísað til fjárhagsáætlunar 2017. Gert er ráð fyrir að fjárförfinni verði mætt með lántöku vatnsveitunnar. Óskað er eftir því við aðildarsveitarfélög vatnsveitunnar að þau gangist í ábyrgð vegna lántökunnar, í samræmi við ákvæði í samþykktum vatnsveitunnar, og tryggi skammtímaffjármögnun á árinu 2016 þar til lánsfé hefur fengist. Samþykkt samhljóða.

Bókun hreppsnefndar:

Árið 2015 voru skuldir veitunnar samtals 79.877.861 kr. og þar af skammtímaskuldir 26.451.980 kr. (33,29% Ásahreppur og 66,71% Rangárbing ytra). Leiðrétt þarf skuldahlutfallið í samræmi við eignarhlutfall sveitarfélaganna, þ.e.a.s. 18,24% ÁS og 81,76% RY og leggja fram áætlun um hvernig þessum skuldum verði mætt. Jafnframt leggur hreppsnefnd til að gerð verði langtíma rekstraráætlun og framkvæmdaráætlun til styrkingar á vatnsveitunni og endurnýjun á lögnum verði forgangsraðað eftir mikilvægi.

Samþykkt að fresta afgreiðslu liðsins þar til umbeðnar upplýsingar liggja fyrir.

2. Erindi til hreppsnefndar

a) Óskað eftir stuðningi við framkvæmd Snorraverkefnisins fyrir árið 2017.

Erindinu hafnað.

b) Erindi frá sjónvarpsstöðinni N4 þar sem óskað er eftir 250.000 kr. Styrk til gerð 12 þátta seríu „Að sunnan“.

Erindinu hafnað.

c) Beiðni frá Ljósinu , endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð. Um styrktarlínu eða auglýsingu í útgáfu fréttablaðs sem er gefið út einu sinni á ári á vegum Ljóssins.

Samþykkt að kaupa styrktarlínu fyrir kr. 10.000.

3. Alþingiskosningar 29. október nk., framlagning kjörskrár

Kjörgögn yfirfarin frá Þjóðskrá Íslands. Á kjörskrárstofni eru 142 kjósendur.

Kosning munu fara fram í Ásgarði þann 29. október nk.

Kjörskrá samþykkt og mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til kjördags.

Samþykkt að veita sveitarstjóra heimild til að taka til meðferðar athugasemdir er kunna að berast við kjörskrá og gera viðeigandi leiðréttingar á henni ef við á og að undirrita hana að morgni kjördags.

Samþykkt samhljóða.

4. Hitaveita

Oddviti og sveitarstjóri kynntu drög að samkomulagi við Veitur hf vegna lausnar deilumála tengdum gjaldskrárbreytinga Orkuveitu Reykjavíkur nú Veitna hf, en samningurinn felur í sér að Veitur hf lækki gjaldskrá til neytenda með hliðsjón af miklum fjárframlögum Ásahrepps til uppbyggingar veitukerfis í hreppnum. Leiðréttingin mun ná til alls hækkunartímabilsins, þ.e. allt frá árinu 2011. Á móti mun Ásahreppur bæta Veitum upp þann skaða sem hlaut af því að væntingar um ákveðna uppbyggingu á

Hreppsnefnd

veitukerfinu brugðust. Samþykkt að ganga til samninga á þeim nótum sem síðustu drög bera með sér.

Samþykkt samhljóða.

5. Lundur annar áfangi

Lagt fram minnisblað og tillaga að samningi við Rangárþing ytra vegna annars áfanga. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samninginn fyrir sitt leyti.

6. Fjárhagsáætlun undirbúningur

Umræður um undirbúning fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður.

7. Næsti fundur hreppsnefndar

Verður miðvikudaginn 9. nóvember nk. kl. 09:00 á skrifstofu Ásahrepps.

Til kynningar:

- A. 512. fundur SASS.
- B. Endurmenntun HÍ, Námskeið fyrir stjórnendur og starfsfólk sveitarfélaga.
- C. Fundargerð 175. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- D. 248. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands.
- E. Breytingar á grunnskólalögum.
- F. Bergrisinn - haustfundur málefnum fatlaðra.
- G. Kynningarfundir um stefnumarkandi stjórnunaráætlanir.
- H. Um tilvísanir til skólaþjónustu.
- I. Björgun16, boðskort.
- J. Lykiltölur úr rekstri sveitarfélaga 2015.
- K. Form og efni viðauka við fjárhagsáætlun.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:15

Elín Grétarsdóttir (sign)

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

Karl Ölvisson (sign)

Egill Sigurðsson (sign)

Nanna Jónsdóttir (sign)